

Svar Flokks fólksins til Íbúasamtaka Vesturbæjar

Við óskum eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

Bílastæðamál og íbúakort

a.Hver er afstaða framboðsins til núverandi fyrirkomulags íbúakorta?

Flokkur fólksins vill endurskoða reglur um íbúakort og gera þær sveigjanlegri. Þannig verði leigjendum gert auðveldara að fá útgefin kort án milligöngu eiganda íbúðar.

b.Hver er stefna framboðsins í bílastæðamálum í rótgrónum íbúðahverfum eins og Vesturbæ?

Flokkur fólksins vill að ríkt tillit sé tekið til þarfa íbúa í rótgrónum íbúðahverfum í og við miðborgina, þannig að þeir njóti nokkurs forgangs þegar kemur að bílastæðum. Eðlilegt er að gjaldskylda sé á svæðum þar sem eftirspurn annarra en íbúa eftir stæðum er mikil en alltaf þannig að íbúar fái útgefin íbúakort.

c.Hver er afstaða framboðsins til félagslegra áhrifa gjaldskyldu á eldri borgara og fólks með hreyfihömlun?

Það er skilyrðislaus krafa Flokks fólksins að eldri borgarar og að hreyfihamlaðir hafi gjaldfrjálsan aðgang að sérmerktum stæðum eins nálægt húsakynnum sínum og hægt er.

d.Hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við íbúa verði hagað við breytingar á skipulagi og gjalddöku bílastæða á borgarlandi?

Flokkur fólksins vill að mjög náið samstarf verði haft við íbúa þegar kemur að bílastæðamálum. Það verði meðal annars gert með því að kanna hug ALLRA íbúa á svæðum sem fyrirhugað er að setja upp gjaldskyldu.

Fjölbreyttir ferðamátar og mannvænt skipulag

e.Hver er stefna framboðsins gagnvart eflingu almenningssamgangna þannig að þær verði raunhæfur valkostur fyrir fleiri íbúa?

Þótt Flokkur fólksins hafi töluverða fyrirvara við þann hluta samgöngusáttmála sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins sem snýr að borgarlínu, styður flokkurinn eindregið öflugar almenningssamgöngur. Þær eru sérstaklega mikilvægar fyrir efnaminni fjölskyldur og ættu að vera gjaldfrjálsar fyrir a.m.k. ungmenni og eldri borgara.

f.Hver eru áform flokksins um að bæta hjólastíga og innviði fyrir virka ferðamáta þannig að þær verði ennþá meira aðlaðandi kostur fyrir íbúa sem hafa kost á því?

Flokkur fólksins er mjög fylgjandi öruggum hjóla- og göngustígum. Við skipulag þeirra þarf þó að gæta að því að þeir þrengi ekki um of að almennri umferð einkabíla þannig að stígarnir valdi töfum á almennri umferð. Þá vill flokkurinn að byggðar verði fleiri göngu- og hjólabrýr og eða undirgöng við fjölfarnar aðal- og stofnleiðir og gatnamót.

g.Hver er stefna framboðsins gagnvart umferðarmagni og umferðarhraða í íbúðahverfum?

Flokkur fólksins telur mjög mikilvægt að umferð gangi almennt greiðlega í borginni. Hins vegar verður að skipuleggja umferðina þannig að óþarfa umferð sé ekki beint inn í rótgróin íbúðahverfi og hámarkshraði taki mið af aðstæðum á hverjum stað.

h.Hver er afstaða framboðsins til hugmynda um vistgötur í Vesturbæ og hvernig gæti slík innleiðing verið útfærð með tilliti til þarfa íbúa?

Skipulag vistgatna þarf að vera í sátt við þá íbúa þar og í næsta nágrenni þar sem slíkar götur hafa mest áhrif. Vistgötur eru sjálfsagður kostur ef þær skerða ekki rétt íbúa til aðgangs íbúa að heimilum þeirra.

Svör Miðflokksins við fyrirspurn Íbúasamtaka Vesturbæjar um skipulagsmál tengd gjaldskyldu bílastæða

Miðflokkurinn leggst alfarið gegn þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið í bílastæðamálum þ.e. gífurlegri fækkun bílastæða, gjaldtöku þeirra og lengingu gjaldskyldu tímans.

Miðflokkurinn vill fjölga bílastæðum, stytta gjaldtöku tímann til kl. 16 virka daga og fella niður gjaldtöku tímann á sunnudögum. Þá viljum við lækka bílastæðagjöldin til muna. Miðflokkurinn vill mun meira samráð við íbúa hvað varðar nærumhverfi þeirra þar á meðal bílastæðmálin.

Hér má sjá eftirfarandi breytingar sem Miðflokkurinn leggur til varðandi gjaldskyldu og gjaldskrá bílastæða í Reykjavík.

Miðflokkurinn leggur til eftirfarandi breytingar á gjaldskyldu og gjaldskrá bílastæða í Reykjavík:

- Að gjaldskylda á gjaldsvæðum P1 og P2 falli niður eftir almennan skrifstofutíma, þ.e. eftir kl. 16 virka daga.
- Að gjaldskylda á laugardögum verði stytta og falli niður eftir kl. 16.
- Að gjaldskylda á sunnudögum verði felld niður.
- Að gjaldtaka á íbúasvæðum verði endurskoðuð með það að markmiði að bæta íbúakort og einfalda kerfið.
- Að innleitt verði sérstakt bílastæðakort fyrir atvinnurekendur sem sinna nærþjónustu við íbúa í miðborginni.
- Að innleidd verði sérstök skammtímakort fyrir iðnaðarmenn sem sinna tímabundnum verkum fyrir íbúa í miðborginni.
- Að ráðist verði í markvissa kynningu á bílastæðahúsum Reykjavíkurborgar og aðgangi að þeim.
- Að gjald á gjaldsvæði P1 verði lækkað til muna
- Að virkt samráð um breytingar á gjaldskrá og gjaldskyldusvæðum Bílastæðasjóðs verði ætíð haft við samtök rekstraraðila, sem og íbúasamtök í miðborginni og Vesturbænum, áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar þar að lútandi.

Svör Vinstrisins við fyrirspurn Íbúasamtaka Vesturbæjar um skipulagsmál tengd gjaldskyldu bílastæða

Bílastæðamál og íbúakort

a. Hver er afstaða framboðsins til núverandi fyrirkomulags íbúakorta?

Nýlega voru reglur um íbúakorta endurskoðaðar og þær rýmkaðar. Mörgum þykir íbúakort fyrir aðra bifreið vera dýrt en upphæðin er 20 þúsund á mánuði. Meta verður reynsluna af þessum breytingum og sjálfsagt að endurmeta fyrirkomulagið en markmiðið er að koma til móts við íbúa á svæðum sem eru fjölsótt af gestum á bílum svo þeir sjálfir geti fengið stæði í nágrenni við heimili sín. Í hverfum þar sem eru góðar almenningssamgöngur og nærþjónusta í göngufæri ættu íbúar oftast að komast upp með að eiga einungis einn bíl eða engan. Hugmyndin með íbúakortum er sú að gjaldskyldan auðveldar íbúum að finna stæði í borgarlandi með minni tilkostnaði.

b. Hver er stefna framboðsins í bílastæðamálum í rótgrónum íbúðahverfum eins og Vesturbæ?

Vinstrið aðhyllist stýringar í bílastæðamálum sem gerir íbúum í rótgrónum hverfum lífið léttara. Bílastæði eru aldrei ókeypis. Þau hækka íbúðaverð, leiða til kostnaðar fyrir sveitarfélagið og taka rými sem ella mætti taka til annarra nota. Flokkar sem hafa þá framtíðarsýn að fylla allt af bílastæðum boða því nóturlega framtíðarsýn.

c. Hver er afstaða framboðsins til félagslegra áhrifa gjaldskyldu á eldri borgara og fólks með hreyfihömlun?

Vinstrið telur ekki rétt að rukka fyrir stæði hreyfihamlaðra. Það er heldur ekki gert í dag. Eldra fólk sem á erfitt með gang getur sótt um stæðiskort fyrir hreyfihamlaða. Vinstrið telur ekki rétt að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að allt eldra fólk fái stæðiskort óháð líkamlegu atgervi. Mikilvægt er að tryggja að P-kort hreyfihamlaðra séu einnig virt af þeim fjölmörgu einkareknu bílastæðafyrirtækjum sem sprottið hafa upp í seinni tíð, en óþolandi er að notendur slíkra korta þurfi að verja miklum tíma til að verjast tilefnislausri innheimtu.

d. Hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við íbúa verði hagað við breytingar á skipulagi og gjaldtöku bílastæða á borgarlandi

Samráðsgátt Reykjavíkurborgar hefur sannað gildi sitt og hefur reynst gott tól til að kalla eftir hugmyndum og athugasemdum íbúa. Það mætti leggja meiri áherslu á að kynna það betur. Eins myndi Vinstrið vija nýta margþætt tól lýðræðisins til að ná fram sjónarmiðum og skoðunum borgarbúa. Meta þarf hverju sinni hvaða leiðir eru bestar í hverju tilfelli og hversu stórvægar og áhrifamiklar breytingarnar eru.

Fjölbreyttir ferðamátar og mannvænt skipulag

e. Hver er stefna framboðsins gagnvart eflingu almenningssamgangna þannig að þær verði raunhæfur valkostur fyrir fleiri íbúa?

Klára uppbyggingu Borgarlínu. Þá eigum við ekki að bíða eftir Borgarlínu heldur innleiða nýtt leiðarnet Strætó sem fyrst og ráðast tafarlaust í þarfagreiningu á farþegagrunni strætó. Þá eru ýmsir möguleikar á að fjölga sérakgreinum fyrir almenningssvagna sem Vinstrið vill koma í framkvæmd á kjörtímabilinu.

f. Hver eru áform flokksins um að bæta hjólastíga og innviði fyrir virka ferðamáta þannig að þær verði ennþá meira aðlaðandi kostur fyrir íbúa sem hafa kost á því?

Við höfum uppfært Hjólræðisáætlun Reykjavíkurborgar og markað okkur stefnu um Gönguvæna borg. Þessu tvennu þarf að fylgja eftir með fjármagni. Eins vill Vinstrið hefja framkvæmdir við borgargötur eins og þær eru skilgreindar í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Upplifunargangstéttir eru líka til þess fallnar að styðja við virka ferðamáta. Fleiri þannig segir Vinstrið!

g. Hver er stefna framboðsins gagnvart umferðarmagni og umferðarhraða í íbúðahverfum?

Allar íbúagötur eiga að vera 30 km og leitast skal við að hægja sem mest á umferð í þeim. Það er hægt að gera með virku eftirliti lögreglu, hraðamyndavéla, endurhönnun gatna, götuprengingum eða lokunum. Æskilegt er að stæði séu víðast samsíða umferð.

h. Hver er afstaða framboðsins til hugmynda um vistgötur í Vesturbæ og hvernig gæti slík innleiðing verið útfærð með tilliti til þarfa íbúa?

Vistgötur í Vesturbæ gæti verið frábært lýðræðisverkefni þar íbúar koma saman með sérfræðingum Reykjavíkurborgar og stjórnámálamönnum til að hanna og ræða útfærslur á vistgötum í sínu hverfi. Vinstrið er til í þetta!

Bílastæðamál og íbúakort

- a. Hver er afstaða framboðsins til núverandi fyrirkomulags íbúakorta?
Píratar telja að íbúakort séu góð aðferð til þess að íbúar hafi aðgang að stæðum sem annars eru gjaldskyld og ætlum að bæta þjónustuna. Það þarf að vera auðveldara og einfaldara að bæta við bíl og færa kort milli bíla. Réttindin tilheyra á endanum íbúunum, ekki bílunum. Viðbrögð íbúa við breytingum á gjaldsvæðum hafa mælst misvel hjá íbúum, því þykir okkur ástæða til að endurskoða það fyrirkomulag.
- b. Hver er stefna framboðsins í bílastæðamálum í rótgrónum íbúðahverfum eins og Vesturbæ?
Gjaldskylda í rótgrónum íbúðahverfum er í grunninn ekki hugsuð sem tekjulind, heldur til þess að stæðin séu oftast laus fyrir íbúa með kort. Það þarf að vera stæðaframboð. Huga þarf að bílastæðum í nýbyggingum innan rótgrónna hverfa út frá Borgarhönnunarstefnu Reykjavíkurborgar og þörfum íbúa.
- c. Hver er afstaða framboðsins til félagslegra áhrifa gjaldskyldu á eldri borgara og fólks með hreyfihömlun?
Það er mikilvægt að komið sé til móts við þá hópa, með sérmerktum stæðum. Þau sem eiga erfitt um gang eiga að eiga forgang í þau stæði sem pláss er fyrir.
- d. Hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við íbúa verði hagað við breytingar á skipulagi og gjaldtöku bílastæða á borgarlandi?
Píratar ætla að eiga í samtali og samráði við íbúa um hvernig þau vilja haga sínu umhverfi og sínum götum og horfum við til nýs verkefnis Hverfalyftan - hverfi í sókn - sem er ný aðferð á hverfislýðræði þar sem leiðin milli íbúa og Reykjavíkurborgar styttest. Íbúar eiga rétt á þátttöku í ákvarðanatöku, og þegar nauðsynlegt er að ráðast í breytingar, þá eiga íbúar að fá að vera með í að ákveða hvernig þær eru útfærðar.

Fjölbreyttir ferðamátar og mannvænt skipulag

- e. Hver er stefna framboðsins gagnvart eflingu almenningssamgangna þannig að þær verði raunhæfur valkostur fyrir fleiri íbúa?
Við leggjum höfuðáherslu á að standa við samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og ætlum að flýta uppbyggingu Borgarlínu. Hraðar, tíðar ferðir í sérrými, í þægilegu göngufæri fyrir meginþorra íbúa er besta leiðin til að gera almenningssamgöngur að raunhæfum kosti fyrir íbúa.

Þess vegna þarf ekki bara að klára Borgarlínu, það þarf líka að fylgja eftir áætlunum um að helsta húsnæðisuppbygging næstu ára sé meðfram Borgarlínuásunum. Til þess að sú uppbygging gangi upp í góðri sátt við íbúa og umhverfi er mikilvægt að byggja á borgarhönnunarstefnu Reykjavíkur, sem tryggir umhverfisgæði og mannlegan skala í uppbyggingu.
- f. Hver eru áform flokksins um að bæta hjólastíga og innviði fyrir virka ferðamáta þannig að þær verði ennþá meira aðlaðandi kostur fyrir íbúa sem hafa kost á því?

Uppbygging hjólréiða innviða er okkur hjartans mál, það er einnig stórt partur af samgöngusáttmálanum. Píratar hafa lagt mikla áherslu á að efla hjólastíga og fjölga þeim á síðustu kjörtímabil. Við erum með hjólréiðaáætlun Reykjavíkur, sem er uppfærð reglulega. Hjólastígarnir hafa lengst um rúmlega helming frá árinu 2020 frá 32 í 50 kílómetra af aðskildum hjólastígum. Meðfram uppbyggingu Borgarlínu er síðan áætluð mikil uppbygging hjólréiða innviða. Okkur þykir það ekki nægja og ætlum að bæta enn frekar við þá uppbyggingu með hjólréiða hraðbrautum sem auka öryggi bæði hjólandi, gangandi og hoppandi (rafskútur).

- g. Hver er stefna framboðsins gagnvart umferðarmagni og umferðarhraða í íbúðahverfum?

Píratar ætla að auka öryggi og næði hverfa með því að takmarka umferðarhraða og það álag sem myndast af umferð sem ekki á erindi í íbúahverfum.

- h. Hver er afstaða framboðsins til hugmynda um vistgötur í Vesturbæ og hvernig gæti slík innleiðing verið útfærð með tilliti til þarfa íbúa?

Píratar eru mjög fylgjandi vistgötum þegar þær bæta umhverfisgæði og öryggi. Allar breytingar hvort sem við erum að tala um vistgötur, hjólastíga eða aðrar breytingar á hverfum þurfa að vera gerðar í sátt við íbúa og góðri upplýsingagjöf. Það markmið fæst í gegnum virkt, raunverulegt og skilvirkt samráð. Hverfalyftan - hverfi í sókn - er hugsuð einmitt með tilliti til aukið samráðs við íbúa í ákvarðanatöku innan hverfa með viðfangs efni á

Svör Viðreisnar við fyrirspurn Íbúasamtaka Vesturbæjar um skipulagsmál tengd gjaldskyldu bílastæða

Takk fyrir erindið og spurningarnar. Viðreisn leggur áherslu á að samgöngur í Reykjavík virki fyrir sem flesta og að fólk hafi raunverulegt frelsi til að velja þann ferðamáta sem hentar hverju sinni. Sjá svör okkar við spurningunum hér fyrir neðan:

- a.) Við teljum að íbúakortakerfið geti verið mikilvægt tæki til að tryggja íbúum aðgengi að stæðum í sínum hverfum, en það þarf að skoða reglulega hvernig það virkar í framkvæmd og hvort útfærslan sé sanngjörn og skynsamleg.
- b.) Við viljum að bílastæðamál í rótgrónum hverfum eins og Vesturbæ séu unnin með jafnvægi að leiðarljósi. Það þarf að taka mið af því að margir nýta virka ferðamáta en aðrir þurfa áfram á bílnum að halda í daglegu lífi. Lausnir þurfa að byggja á raunverulegum þörfum íbúa og góðu samráði.
- c.) Við teljum mikilvægt að horfa sérstaklega til félagslegra áhrifa gjaldskyldu á eldri borgara, fatlað fólk og fólk með skerta hreyfigetu. Gjaldtaka má ekki leiða til félagslegrar einangrunar eða gera fólki erfiðara að sækja þjónustu, heimsækja fjölskyldu eða taka þátt í samfélaginu.
- d.) Við viljum að breytingar á skipulagi og gjaldtöku séu unnar í opnu og raunverulegu samráði við íbúa áður en ákvarðanir eru teknar. Samráð þarf að vera meira en formlegt kynningarferli þannig að íbúar eiga að geta haft raunveruleg áhrif á útfærslur.
- e.) Við styðjum áframhaldandi uppbyggingu Borgarlínu og eflingu Strætó þannig að almenningssamgöngur verði hraðari, áreiðanlegri og raunhæfur valkostur fyrir fleiri. Samgöngur þurfa að virka í raun í daglegu lífi fólks.
- f.) Við viljum halda áfram að bæta hjólastíga, gönguleiðir og vetrarþjónustu þannig að virkir ferðamátar séu öruggir og aðlaðandi allan ársins hring. Þar þarf sérstaklega að huga að tengingum milli hverfa og aðgengi fyrir alla aldurshópa.
- g.) Við viljum rólegri og öruggari íbúðagötur með aðgerðum sem draga úr gegnumakstri og auka öryggi barna og gangandi vegfarenda. Slíkar lausnir þurfa þó alltaf að taka mið af aðgengi íbúa og neyðarþjónustu.
- h.) Við erum opin fyrir vistgötum þar sem þær henta, en teljum mikilvægt að þær séu þróaðar í samstarfi við íbúa og taki mið af sérstöðu hvers svæðis. Vistgötur eiga að bæta nærumhverfið og mannlífið án þess að skerða óþarflega aðgengi eða daglegt líf fólks í hverfinu.

Svör Sjálfstæðisflokksins við fyrirspurn Íbúasamtaka Vesturbæjar um skipulagsmál tengd gjaldskyldu bílastæða

Bílastæðamál og íbúakort

A. Hver er afstaða framboðsins til núverandi fyrirkomulags íbúakorta?

- a. Við höfum ítrekað lagt fram tillögur til breytinga á íbúakortum.

Meðal annars má benda á tillögu okkar frá því í ágúst 2023 sem er hér:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/%C3%ADb%C3%BAakort_-_tillaga_Sj%C3%A1fst%C3%A6%C3%B0isflokksins.pdf

- b. Við lögðum líka fram tillögur undir lok mars á þessu ári sjá 17. lið fundargerðar.

<https://reykjavik.is/fundargerdir/umhverfis-og-skipulagsrad-fundur-nr-375>

Það er óhætt að segja að við höfum áhuga á að breyta núverandi stefnu. Við höfum líka ítrekað lagt til að samráð verði haft við íbúa á svæðinu áður en lagt er af stað í miklar breytingar á fyrirkomulaginu. Við teljum amk að núverandi fyrirkomulag sé of flókið og nái ekki markmiðum sínum.

B. Hver er stefna framboðsins í bílastæðamálum í rótgrónum íbúðahverfum eins og Vesturbæ?

- a. Við leggjum mikla áherslu á að fólk geti fengið bílastæði við heimili sitt og höfnum einstrengingslegri stefnu núverandi meirihluta að fólk geti ekki fengið að gera stæði á lóð. Við viljum líka gefa kost á fleiri íbúakortum. Á sama tíma áttum við okkur á samspili þess að það er ásókn í bílastæði í Vestur- og miðbæ, bæði yfir daginn fyrir þá sem þar vinna og á kvöldin þegar veitingastaða- og næturlífið tekur við sér. Hvaða breytingar sem yrðu gerðar yrðu í nánum samráði við íbúa, beint og í gegnum íbúasamtök.

C. Hver er afstaða framboðsins til félagslegra áhrifa gjaldskyldu á eldri borgara og fólks með hreyfihömlun?

- a. Við höfum allt líðandi kjörtímabil lagt áherslu á að styðja við og huga að hagsmunum þeirra sem búa við skerta hreyfigetu. Reykjavíkurborg fór of gassalega í að innleiða kerfi sem gengur út á að tugmilljón króna bíll keyrir um

götur borgarinnar, tekur myndir og sekta og sér ekki hvort viðkomandi bíll hafi rétt til að leggja gjaldfrjálst. Það hefur orðið til þess að fjöldi eldri borgara og fatlaðra hefur fengið sekt og þurft að berjast við kerfið til að fá hana niðurfellda. Það var kolröng nálgun á viðfangsefnið. Við ætlum að breyta því að

- D. Hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við íbúa verði hagað við breytingar á skipulagi og gjaldtöku bílastæða á borgarlandi?
- a. Þegar gjaldskyldan var aukin sumarið 2023 lögðum við til að samráð yrði haft við íbúasamtök Miðborgar og Vesturbæjar ásamt þáverandi íbúaráðum. Það er ekki stefnan að endurvekja þau heldur leggja meiri áherslu á að eiga gott samstarf og samtal við frjáls félagasamtök eins og íbúasamtök og beint samráð við íbúa.

Fjölbreyttir ferðamátar og mannvænt skipulag

- E. Hver er stefna framboðsins gagnvart eflingu almenningssamgangna þannig að þær verði raunhæfur valkostur fyrir fleiri íbúa?
- a. Sjálfstæðisflokkurinn vill bæta almenningssamgöngur með því að gera þær skilvirkari, áreiðanlegri og betur aðlagðar raunverulegum ferðavenjum borgarbúa. Í STRAX-D verkefnalistanum er meðal annars lögð áhersla á að innleiða skilvirkara greiðslukerfi fyrir Strætó og nýta tæknilausnir og gervigreind til að kortleggja notkun og bæta þjónustuna á grundvelli gagna. Þá vill flokkurinn endurskoða Borgarlínu frá grunni og leggja áherslu á hraðvagnakerfi á sérakreinum sem þrengir ekki að annarri umferð. Við leggjum áherslu á fjölbreytta samgöngukosti og að fólk komist hraðar milli staða.
- F. Hver eru áform flokksins um að bæta hjólastíga og innviði fyrir virka ferðamáta þannig að þær verði ennþá meira aðlaðandi kostur fyrir íbúa sem hafa kost á því?
- a. Í STRAX-D verkefnalistanum kemur fram að Sjálfstæðisflokkurinn vilji klára uppbyggingu hjólastíga í samræmi við Hjóltreiddaáætlun Reykjavíkurborgar. Þá er einnig lögð áhersla á betri lýsingu við göngustíga, sérstaklega gönguleiðir barna, fjölgun upphitaðra göngustíga og aukið öryggi með undirgöngum og göngubrúm þar sem gönguleiðir þvera fjölfarna vegi. Flokkurinn leggur þannig áherslu á að bæta bæði öryggi og aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.
- G. Hver er stefna framboðsins gagnvart umferðarmagni og umferðarhraða í íbúðahverfum?

- a. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að umferð í íbúðahverfum sé bæði hæg og sem minnst að magni. Mikilvægt er að vernda íbúðagötur fyrir gegnumakstri og tryggja öryggi barna, gangandi og hjólandi vegfarenda. Við styðjum til dæmis ekki hugmyndir um lokun Fríkirkjuveggar fyrir Borgarlínu eins og ræddar hafa verið, enda myndi það leiða til þess að þeir rúmlega 9.000 bílar sem aka leiðina daglega myndu í auknum mæli leita inn í íbúðahverfi Vesturbæjar og miðborgar. Við teljum mikilvægt að samgöngulausnir bæti flæði og öryggi án þess að færa umferðarvandann inn á íbúðagötur.

H. Hver er afstaða framboðsins til hugmynda um vistgötur í Vesturbæ og hvernig gæti slík innleiðing verið útfærð með tilliti til þarfa íbúa?

- a. Sjálfstæðisflokkurinn styður óskir íbúa um vistgötur þar sem því verður komið við. Við leggjum áherslu á að breytingar á göturými og samgöngum taki mið af þörfum íbúa, öryggi og aðgengi. Hugmyndir um vistgötur þurfa að vera unnar í góðu samráði við íbúa og rekstraraðila á svæðinu. Við styðjum allar aðgerðir sem bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda, en breytingar mega ekki skerða aðgengi að heimilum, þjónustu eða bílastæðum með óhóflegum hætti. Okkur finnst mikilvægt er að meta áhrif breytinga vel og prófa lausnir áður en varanlegar ákvarðanir eru teknar.

Svör Góðan daginn við fyrirspurn Íbúasamtaka Vesturbæjar um skipulagsmál tengd gjaldskyldu bílastæða

Bílastæðamál og íbúakort

a. Hver er afstaða framboðsins til núverandi fyrirkomulags íbúakorta?

Það getur verið mikil áskorun fyrir íbúa að finna stæði við heimili sín nálægt miðbænum. Bæði er það fjöldi bíla og einnig að bílaleigubílum fjölgar mikið. Íbúakort koma svo sannarlega að gagni. En þau hjálpa þó ekki og koma ekki í veg fyrir að bílastæðin fyllist af öðrum. Aðgengi að fleiri en einu korti getur svo sannarlega hjálpað og gott verður að sjá nýlega breytingu í þá átt.

b. Hver er stefna framboðsins í bílastæðamálum í rótgrónum íbúðahverfum eins og Vesturbæ?

Við höfum sagt að við viljum vinna að lausnum og útfærslu á ýmsum málum með íbúum sjálfum. Það á einnig við um bílastæði í grónari hverfum borgarinnar.

c. Hver er afstaða framboðsins til félagslegra áhrifa gjaldskyldu á eldri borgara og fólks með hreyfihömlun?

Við teljum að það eigi ekki að innheimta gjald fyrir stæði hreyfihamlaðra. Það má einnig fara yfir og meta hvort þau stæði sem nú eru uppfylli þá þörf og tryggir aðgengi sem við viljum tryggja að hreyfihamlaðir hafi.

d. Hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við íbúa verði hagað við breytingar á skipulagi og gjaldtöku bílastæða á borgarlandi

Heilt yfir getum við ekki sagt annað en að það hafi verið brotalamir á samráði við íbúa REykjavíkur í mörgum málum í mörgum málum og vilji og niðurstöður Íbúaráða hunsuð þar til Íbúaráðin voru felld niður. Við viljum auka samráð og samvinnu með íbúum til að tryggja það að við séum að móta borgina í þá átt sem borgarbúar vilja sjálfir.

Fjölbreyttir ferðamátar og mannvænt skipulag

e. Hver er stefna framboðsins gagnvart eflingu almenningssamgangna þannig að þær verði raunhæfur valkostur fyrir fleiri íbúa?

Við viljum efla almenningssamgöngur. Stór partur af því er að auka tíðni vagnanna og laga framboð ferða að þörfum íbúa. Leiðakerfið virðist einnig vera bágborið og margir kvarta yfir því að almenningsvagnar bjóði ekki upp á þær leiðir sem fólk þarf innan tímamarka og því velja fleiri bílinn.

f. Hver eru áform flokksins um að bæta hjólastíga og innviði fyrir virka ferðamáta þannig að þær verði ennþá meira aðlaðandi kostur fyrir íbúa sem hafa kost á því?

Við viljum hrósa fráfarandi meirihluta fyrir að gera grettistak í gerð hjólréiðastíga. En það er ekki enn allt komið í þeim efnum og halda þarf áfram með verkefnið þannig að hjólréiðar séu möguleiki fyrir sem flesta.

g. Hver er stefna framboðsins gagnvart umferðarmagni og umferðarhraða í íbúðahverfum?

Æskilegur hámarkshraði í íbúagötum ætti að vera 30 km per klst. Hér er líka mikilvægt að vera vakandi fyrir því að þrengja ekki svo mikið að stofnæðum að bílaumferð byrji að flæða inn í íbúagötur. Einnig er æskilegt að bílastæði séu sem næst heimilum fólks.

h. Hver er afstaða framboðsins til hugmynda um vistgötur í Vesturbæ og hvernig gæti slík innleiðing verið útfærð með tilliti til þarfa íbúa?

Hér viljum við einnig vera í samráði við íbúa í nágrenni slíkra gatna. Unnt getur verið að gera mjög vistlegar götur en það kostar auðvitað fjármagn. Við viljum vera með skýran tilgang og ávinning af þeim verkefnum sem við ráðumst í á næsta kjörtímabili.